

Nd.

620. Nefndarállt

um frv. til laga um Menningarsjóð.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
 - a. Í staðinn fyrir »Mentamálanefnd landsins« komi: Mentamálaráð.
 - b. Næstsiðasti málsliður orðist svo: Einum þriðjunginum skal varið til að kaupa listaverk fyrir landið, til verðlauna fyrir og útgáfu á uppdráttum af byggingum, húsbúnaði og fyrirmyndum fyrir heimilisiðnað í þjóðlegum stíl. Einnig má verja fje til útgáfu veggmynda eftir íslenskum listaverkum til heimilisprýði.
2. Við 3. gr.
 - a. Á undan síðasta málslið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Ef einhver þessara manna skorast undan störfum fyrir Menningarsjóðinn, skipar Mentamálaráðið mann í hans stað.
 - b. Fyrir »mentamálanefndar landsins« í síðasta málslið komi: Mentamálaráðs.
3. Við 5. gr. Fyrir »mentamálanefnd landsins« í síðasta málslið komi: Mentamálaráðið.
4. Við 6. gr.
 - a. Orðið »óháðan« í fyrsta málslið fellur niður.
 - b. Orðin »og formenn mentamálanefnda beggja deilda« í síðasta málslið falli niður.

Alþingi, 27. mars 1928.

Ásgeir Ásgeirsson,	Magnús Jónsson,	Jóhann P. Jósefsson,
form. og frsm.	með fyrirvara.	með fyrirvara.
Sveinn Ólafsson.	Lárus Helgason.	